



FRAMKVÆMDASÝSLA RÍKISINS

Askja

Náttúrufræðihús Háskóla Íslands

Skilamat

Desember 2015



FRAMKVÆMDASÝSLA RÍKISINS

Askja

Náttúrufræðihús Háskóla Íslands

Skilamat

Desember 2015



EFNISYFIRLIT

ALMENNT UM SKILAMAT	1
1 UNDIRBÚNINGUR	1
1.1 Lýsing verkefnis	1
1.2 Frumathugun	1
1.3 Áætlunargerð	2
1.4 Áætlun um stofnkostnað	5
1.5 Áætlun um rekstrarkostnað	5
1.6 Áætlun um fjármögnun	5
2 VERKLEG FRAMKVÆMD	6
2.1 Útboð, tilboð og verksamningar	6
2.2 Framvinda	21
2.3 Eftirlit og úttektir	24
3.0 REIKNINGSLEGT UPPGJÖR	25
3.1 Áfallinn kostnaður og innborganir	25
3.2 Heildarkostnaður	26
3.3 Samanburður við áætlun	27
4.0 SAMANTEKT / NIÐURSTÖÐUR	29
4.1 Samanburður við hliðstæðar framkvæmdir	29
4.2 Árangur framkvæmdarinnar	29
4.3 Heimildaskrá	29
4.4 Staðfesting skilamats	29

ALMENNT UM SKILAMAT

Í 16. grein laga nr. 84/2001 um skipan opinberra framkvæmda er ákvæði um gerð skilamats. Þar segir: „Að lokinni verklegri framkvæmd og úttekt skal fara fram skilamat. Í matinu skal gerð grein fyrir því hvernig framkvæmd hefur tekist miðað við áætlun. Enn fremur skal þar gerður samanburður við hliðstæðar framkvæmdir sem þegar hafa verið metnar.“ Þá er í sömu grein kveðið á um að Framkvæmdasýsla ríkisins skuli setja nánari reglur um fyrirkomulag skilamats.

Í 7. grein reglugerðar nr. 715/2001 um skipulag opinberra framkvæmda segir að Framkvæmdasýsla ríkisins sjái um gerð skilamats og setji reglur um fyrirkomulag þess sem fjármálaráðherra staðfestir.

Þann 21. september 2001 gaf Framkvæmdasýsla ríkisins út reglur um fyrirkomulag skilamats, staðfestar af fjármálaráðherra, og er þetta skilamat unnið eftir þeim reglum.

1 UNDIRBÚNINGUR

1.1 Lýsing verkefnis

Í þessu skilamati verður gerð grein fyrir Öskju, náttúrufræðahúsi Háskóla Íslands í Reykjavík, sem framkvæmd var að mestu á árunum 1999 - 2004.

Byggingin er 7.955 m² að flatarmáli og 31.521 m³ að rúmmáli og hýsir líffræði- og jarfræðigreinar Háskóla Íslands, ásamt Norrænu eldfjallastöðinni.

Verkkaupi var Háskóli Íslands.

1.2 Frumathugun

Á stigi frumathugunar var þarfagreining og húsrýmisáætlun náttúrufræðahúss unnin, sem staðsett yrði í Vatnsmýrinni og skyldi hýsa flestar greinar lífvísinda. Grunnvinnu við það var að mestu lokið 1988.

Árið 1992 var unnið að þarfagreiningu fyrir Norrænu eldfjallastöðina.



Mynd 1: Gangur

Framkvæmdasýsla ríkisins hafði umsjón með framkvæmdunum fyrir hönd verkkaupa. Verkefnisstjóri hjá FSR var Þráinn Sigurðsson.

Bygginganefnd Háskóla Íslands vann frumupprætti árið 1994, sem sýndi tvo valkosti, annarsvegar að byggja tvö hús, annað fyrir líffræðina og hitt fyrir jarðfræðina og Norrænu eldfjallastöðina og tengja mannvirkin saman með tengibyggingu, sem hýsti bókasafn og aðra sameiginlega þjónustu. Margt mælti þó með því að byggja eitt hús fyrir alla starfsemina og varð það niðurstaðan, þótt ljóst væri að það yrði fjárhagslega örðugt. Byggingin er staðsett á fjölförnum stað í hjarta Reykjavíkur og var meðal annars þess vegna ákveðið að frágangur utanhúss yrði í einum áfanga. Í kjölfarið var áætlun um hvaða starfsemi yrði í húsinu endurskoðuð. Árið 2003 var ákveðið að örveru- og ferðamálafræði yrðu einnig í húsinu og að byggingin myndi hýsa Líffræðiskor raunvísindadeildar, Líffræðistofnun raun-vísindadeildar, Jarð- og landafræðiskor raunvísindadeildar, Jarð- og landfræðistofu Raunvísindastofnunar, Jarðeðlisfræðistofu Raunvísindastofnunar og Norrænu eldfjalla-stöðina.


Frá upphafi var áætlað að húsið myndi rýma fyrirlestrarsali, fundarherbergi, kennslustofur fyrir verklegt nám, margvíslegar rannsóknarstofur, skrifstofur kennara og starfsaðstöðu fyrir rannsóknarnema. Þegar húsið var tekið í notkun hafði einnig verið komið fyrir sameiginlegu rými, aðstöðu fyrir hópa og einstaklinga, bókasafni og mötuneyti.

1.3 Áætlunargerð


Ekki liggur fyrir hvort samstarfsnefnd opinberra framvæmda heimilaði að hefja mætti áætlunargerð.

Hönnun

Umsýsla með hönnun hússins var ekki í höndum FSR. Ekkert útboð á hönnuninni átti sér stað, en Maggi Jónsson var valinn arkitekt af Háskóla Íslands, en hann hafði áður unnið á vegum Háskóla Íslands við skipulag háskólasvæðisins og að hönnun Odda, hugvísindahúss. Upplýsingar um hönnunarkostnað bárust ekki.



Mynd 2: Grunnmynd 1. hæðar



Mynd 3: Grunnmynd 2. hæðar

Hönnun byggingarinnar var að mestu leyti unnin á árunum 1996 – 1997, en að nokkru leyti eftir að verkáfangar voru boðnir út.

Dr. Maggi Jónsson er arkitekt hússins. Megináherslur arkitektsins á heildarform og ásýnd hússins var að móta með afgerandi hætti suðurmörk Tjarnarrýmisins, sem nær frá Ráðhúsi Reykjavíkur og lðno í norðri að Norræna húsinu í suðri. Byggingin myndar einfalt og tiltölulega stórt form og norðurhliðin er sveigð til að umfaðma tjarnarrýmið.

Innanhúss var markmiðið að auðvelt yrði að koma fyrir mörgum og misstórum rýmum. Byggingin er misbreið og fer mjókkandi til vesturs, sem gerir það auðveldara að mynda mismunandi stór rými.

Innra fyrirkomulag einkennist af miðrýminu, sem fær birtu frá glervegg norðurhliðar. Þar eru opnir stigar, ásamt þremur frístandandi kjörnum, með lyftum og snyrtingum. Á þessu svæði er einnig komið fyrir bókasafni, mötuneyti, hvíldar- og samskiptastöðum og

opnum rýmum á svölum fyrir vinnuhópa og einstaklinga.

Tvær lágar byggingar ganga til norður og hýsa tvo fundarsali, annar er með 156 sætum.

Verkkennslurými, rannsóknarrými og fjölmörg vinnuherbergi kennara og vísindamanna eru meðfram suðurhlið. Meðal nýjunga fyrir rannsóknarstarfið eru kæliherbergi fyrir lífverur, svo sem sjávar eða ferskvatnsfiska, sem þrífast illa við herbergishita og fullkomnir ræktunarskápar.

Uppbygging og byggingarefni

Byggingin er steinsteypt og er á þremur hæðum auk kjallara. Gluggaveggur á norðurhlið liggur í sveig og hallar inn á við. Er hann gerður úr stálrómmum, álgloggakerfi og gleri. Við gluggann er miðrýmið sem gengur upp þrjár hæðir og þar eru steinn, stál og gler áberandi byggingarefni. Frágangur utanhúss sunnanmeginn er með einangrun að utan og ál-sinkhúðaðri stálklæðningu með stölluðum, dökkum plötum.



Mynd 4: Miðrymi

Veggir, súlur, plötur og handriðsskífur eru staðsteyptar. Hefðbundin járnalögn er í meginhluta hússins, en eftirspennt að hluta í svölum á annarri hæð. Notuð er hágæðasteypa með grönnum þversniðum. Norðurveggur er borinn af stálrömmum með lokuðu ferhyrnu þversniði. Milli rammanna er gler í álkerfi úr sérframleiddum álprófilum sem falla slétt við hliðarfleit rammans. Rammarnir eru einangraðir að innan og forminu lokað með álkápu sem í eru innfæld ljós.

Suðurhluti hússins er einangraður að utan og klæddur máluðum einingum úr álsinki. Útveggir lágbygginga og bogaveggur sunnan við miðrymi eru steinaðir að utan með hvítum marmaramulningi. Þak suðurhluta er uppstólað sperrupak á steyptri plötu en þök lágbygginga og miðrymis eru svokalluð viðsnúin þök með fargi úr grófri sjávarmöl.

Tæknileg kerfi

Miðrymið er hitað með loftræstikerfi sem blæs lofti niðri við glervegginn á jarðhæð. Í lágbyggingunum er ofnahlutun og vélknúð loftskiptikerfi, ásamt opnanlegum gluggum. Sama á við um vinnuherbergi við suðurhlíð.

Þar eru einnig kambar við glugga á útveggjum sem skerma fyrir hitaálagi sólar. Miðhluti hússins er hitaður og loftræstur með vélknúnum kerfum. Loftræstikerfi hússins afkastar 60.000 m³ af lofti á klst. Í húsinu eru einni þrýstiloftakefi ásamt kerfi fyrir brennslu- og argongas.


Rafinntak hússins er 3 x 710 amper, sem samsvarar 492 kva. Aðaltafla fæðir 18 undirtöflur. Rafstrengir í húsinu eru um 72 km, almennir tenglar 2.220, um 2.500 lampar og raftengd tæki eru yfir 1.000.

Samskiptakerfi eru frá 8 ljósleiðaratengdum dreifiskápum. Strengir í samskiptakerfum eru um 49 km. Þá eru í húsinu aðgang- og innbrotakerfi.

Ráðgjafar

Eftirtaldir ráðgjafar unnið við verkefnið:

- Dr. Maggi Jónsson - arkitekt
- Línuhönnun - burðarþolshönnun
- Rafhönnun - raflagnahönnun
- VST - lagnahönnun



Mynd 5: Heildarkostnaðaráætlun árin 1995, 1997 og 2001
Allar fjárhæði í töflunni eru í milljónum króna og með VSK

1.4 Áætlun um stofnkostnað

Í desember 1995 lagði arkitekt hússins fram heildarkostnaðaráætlun, miðað við byggingar vísitöluna 205,1. Var hún kynnt samstarfsnefnd um opinberar framkvæmdir 6. desember 1995. Ekki kemur fram hvort áætlaðar verðhækkningar á framkvæmdatíma séu innifaldar í áætluninni. Framkvæmdatíminn var áætlaður frá 1995 til 1999.

Í mars 1997 var lögð fram ný heildarkostnaðaráætlun, sem miðuð var við byggingarvísitölu 218,6.

Í maí 2001 var lögð fram ný heildarkostnaðaráætlun miðuð við byggingarvísitöluna 254,3

Mynd 5 sýnir samanburð á þessum þremur heildarkostnaðaráætlunum sem lagðar voru fram.

1.5 Áætlun um rekstrarkostnað

Rekstraráætlun var ekki lögð fram.

1.6 Áætlun um fjármögnun

Áætlað var að framkvæmdin yrði að langmestu leyti fjármögnuð af fé Happraætti Háskóla Íslands, en einnig að nokkru leyti með

fé úr ríkissjóði til Norrænu eldfjallastöðvarinnar. Tafla 1 sýnir áætlun HÍ, sjá einnig bréf fjármálaráðuneytisins, dags. 25. apríl 1997, um fjármögnun 2. áfanga.

Tafla 1: Fjármögnunaráætlun HÍ

Framlög	A	B	C	Samtals
1995	0	20	0	20
1996	40	140	0	180
1997	40	150	120	310
1998	40	150	100	291
1999	21	115	0	136
Samtals				936

A = Framlag ríkis v. Norrænu eldfjallastöðvarinnar
B = Framlag Háskóla Íslands af happdrættisfé
C = Framlag Háskóla Íslands, lánsfé

Gert var ráð fyrir rúmlega 160 m.kr. úr ríkissjóði til byggingar eldfjallastöðvarinnar, en þá lá fyrir ríkisstjórnarsamþykkt þess efnis að lagðar yrðu fram 40 m.kr. á ári, árin 1996-1998.

2 VERKLEG FRAMKVÆMD

2.1 Útboð, tilboð og verksamningar

Verkinu var skipt upp í 24 áfanga, tafla 2.

Tafla 2: Yfirlit yfir áfanga

Verkþáttur	Heiti
1. áfangi	Jarðvinna
2. áfangi	Uppsteypa og frág. Utanhúss
3. áfangi	Múrverk innanhúss
4. áfangi	Granít á gólf og vegg, efniskaup
5. áfangi	Hita- og hreinlætislagir
6. áfangi	Sandspörlun
7. áfangi	Loftaklæðningar
8. áfangi	Lagning á graníti
9. áfangi	Lyftur
10. áfangi	Handrið og járnsmíði
11. áfangi	Glerveggir við vinnuherbergi
12. áfangi	Veggir við rannskónarrými
13. áfangi	Raflagnir
14. áfangi	Vatnsúðakerfi
15. áfangi	Loftræsikerfi
16. áfangi	Innréttingar í rannsóknarstofur
17. áfangi	Glerveggir í miðrymi og stigahús
18. áfangi	Niðrhengd loft í ganga og Sali
19. áfangi	Málun
20. áfangi	Tréverk, veggklæðn. og hurðir
21. áfangi	Stólar í fyrirlestrarsal
22. áfangi	Sérlagnir í rannsóknarstofur
23. áfangi	Gólfefni og lagning
24. áfangi	Lóðarfrágangur

Heimilidir til útboðs

Á fundi þann 28. desember 1995 féllust fjármálaráðherra og menntamálaráðherra á að hefja mætti framkvæmdir við byggingu hússins, þar sem Háskóli Íslands tryggir fé til þeirra, til viðbótar fjárveitingu í fjárlögum til byggingar Norrænu eldfjallastöðvarinnar (fjárlagaliður 02-269). Ráðherrar gáfu ekki vilyrði fyrir lánsfjárheimild til verksins.

Fjármálaráðuneytið heimilaði, með bréfi dagsettu þann 4. janúar 1996, að hefja mætti útboð á 1. áfanga, jarðvinnu.

Fjármálaráðuneytið heimilaði þann 22. apríl 1997 að hefja mætti útboð 2. áfanga, uppsteypa og frágangur utanhúss. Tekið var fram að endanleg ákvörðun lægi hjá menntamálaráðuneytinu.

Fjármálaráðuneytið heimilaði með bréfi, dagsettu þann 25. febrúar 2002, að hefja mætti útboð 3. áfanga, múrverk innanhúss og 4. áfanga, granít á gólf og vegg, efniskaup.

Fjármálaráðuneytið heimilaði með bréfi, dagsettu þann 22. október 2002, að hefja mætti útboð á áfanga 5. 6., 7. og 8., hita- og hreinlætislagir, sandspörtlun, loftaklæðning og lagning graníts.

Með bréfi dagsettu 20. desember 2002 sækir Háskóli Íslands um heimild til að bjóða út verkþætti nr. 9-18. Fram kemur í bréfinu að áætlaður kostnaður fyrir þessa verkþætti sé samtals 523 m.kr. Ekki liggur fyrir hvort samstarfsnefnd heimilaði útboð nr. 9 -16.

Á fundi samstarfsnefndar um opinberar framkvæmdir, þann 11. apríl 2003, var samþykkt með formlegum hætti að heimila útboð á áföngum 17 – 24, en enginn áfangi var númer 21.

Áfangar	Heimild til útboðs
1. áfangi	4. janúar 1996
2. áfangi	22. apríl 1997
3. og 4. áfangi	25. febrúar 2002
5.-8. áfangi	22. október 2002
9. -18. áfangi	20. desember 2002
17. -24. áfangi	sof nefnd 11. apríl 2003

1. áfangi, jarðvinna

Þetta fyrsta útboðsverk tók til jarðvegsskipta í grunni og fyllingu í plan. Útboðið var auglýst 7. janúar 1996.

Helstu magntölur voru:

Verkþáttur	Eining	Magn
Gröftur	m ³	28.000
Fylling	m ³	41.000
Jarðvegsdúkur	m ²	7.300
Girðing	m	500

Tilboð voru opnuð 22. janúar 1996 og bárust eftirtalin tilboð:

Bjóðandi	Fjárhæð kr.	Hlutfall
Jarðvegur ehf.	29.989.160	56,7%
J.V.J. hf.	34.440.000	65,1%
Suðurverk hf.	35.792.000	67,7%
Vélgrafan hf.	38.966.500	73,7%
Loftorka hf.	41.990.000	79,4%
Kambur	42.047.600	79,5%
Dalverk sf.	42.342.500	80,1%
Klæðning hf.	43.429.000	82,1%
Völur hf.	44.605.000	84,4%
Íslandsbílar hf.	46.876.300	88,6%
Borgarverk hf.	47.165.000	89,2%
Háfell hf.	47.225.000	89,3%
Dráttarbílar	49.771.500	94,1%
Byggð sf.	67.500.000	127,6%
Kostnaðaráætlun	52.880.000	100,0%

Þann 27. janúar 1996 var tilboði J.V.J. hf. að upphæð kr. 34.440.000 tekið sem var 65,1% af kostnaðaráætlun.

Gerður var samningur milli Háskóla Íslands og JVJ hf. um verkið *Náttúrufræðahús Háskóla Íslands – Jarðvinna* að fjárhæð kr. 34.440.000.

2. áfangi, uppsteypa húss og frág. að utan

Verkið nær til þess að steypa húsið, reisa gluggavegg á norðurhlíð og ganga frá húsinu að fullu að utan. Húsið er á þremur hæðum auk kjallara með tæknirýmum, alls um 8.000 m² og 31.300 m³. Verktaki skal steypa húsið upp, einangra að utan og klæða, ganga frá þökum, þakköntum, þökum yfir inngöngum og loftinntaksvirki. Ganga skal frá múr og mála húsið að utan. Leggja niðurfalldúr frá þakniðurföllum. Leggja skal raflagnir í steypu og ganga frá lömpum í stálrömmum í glervegg og útiljósum.

Óskað var eftir frávikstilboðum í annars vegar heitsinkhúðun og hins vegar sprautusinkhúðun burðarvirkis glerveggjar á norðurhlíð og vesturgafli, skyggni yfir vesturinnangi, loftinntök austan við húsið, stálklæðningu á sýningarklefa og stálklæðningu á þak- og veggkant við vesturgafli.

Verkið var skylt að bjóða út á EES. Útboðið var auglýst 18. maí 1997. Helstu verkþættir og magntölur voru eftrifarandi:

Verkþáttur	Eining	Magn
Gólfplatarmál	m ²	8.000
Rúmmál húss	m ³	31.000
Stærð glerveggjar	m ²	1.420
Steypustyrktarjárn	tonn	600
Steypa	m ³	3.600
Mót	m ²	28.000
Gler	m ²	1.800
Þakflötur	m ²	2.500
Utanhússklæðningar	m ²	2.000



Mynd 6: Frágangur undir stiga

Tilboð voru opnuð þann 10. júlí 1997. Eftirtalin tilboð bárust:

Bjóðandi	Fjárhæð kr.	Hlutfall
Ármannsfell hf.	537.000.000	101,2%
Fjarðarmót hf.	577.712.680	108,9%
Ólafur og Gunnar ehf.	578.765.190	109,1%
Ístak hf.	586.584.834	110,6%
Byggðaverk hf.	663.368.807	125,1%
Kostnaðaráætlun	530.406.100	100,0%

Einn bjóðandi benti á að í útboðsgögnum væri óljóst hvaða áhrif frávikstilboð hefðu við mat á tilboðum. Var það réttmæt ábending.

Þann 24. júlí 1997 var tilboði Ármannsfells hf. tekið að fjárhæð 537.000.000 kr. og gerður verksamningur um verkið *Náttúrufræðihús Háskóla Íslands, úboðsverk 2, uppsteypa og frágangur utanhúss*, að fjárhæð 537.000.000 kr. á milli Háskóla Íslands og Ármannsfells hf.

3. áfangi, múrverk að innan

Verkið tók til hleðslu og múrhúðunar gjallveggja, gólfilagnar, lagningu raflagna í múr og frágangs sjónsteypu. Útboðið var auglýst 17. mars 2002.

Helstu magntölur voru eftirfarandi:

Verkþáttur	Eining	Magn
Hleðsla gjallveggja	m ²	617
Múrhúðun	m ²	1.305
Gólfilögn	m ²	5.053
Rafmagnsrör	m	830
Frágangur sjónsteypu	m ²	3.886

Tilboð voru opnuð þann 4. apríl 2002. Eftirtalin tilboð bárust:

Bjóðandi	Fjárhæð kr.	Hlutfall
Múrarinn ehf.	20.905.903	82,9%
Gífsverk ehf.	24.751.640	98,2%
G&P	26.316.750	104,4%
Hansen verkt. ehf.	28.993.735	115,0%
Flotmúr ehf.	31.341.420	124,3%
Rúmmeter ehf.	33.819.584	134,1%
Múrlína ehf.	35.246.700	140,0%
Múr og mál ehf.	40.629.130	161,1%
Búkki ehf.	42.720.828	169,4%
Kostnaðaráætlun	24.751.640	100,0%

Tilboði Gífsverks ehf. var tekið þann 5. júní 2002, að fjárhæð kr. 20.905.903.- Lægstbjóðandi, Múrarinn ehf., uppfyllti ekki kröfur í útboðslýsingu um hæfi bjóðenda.

4. áfangi, granít á gólf og vegg

Verkið tók til kaupa á graníti á gólf og vegg. Útboðið var auglýst 14. júlí 2002 og var á vegum Ríkiskaupa. Helstu verkþættir og magnölur voru eftirfarandi:

Verkþáttur	Eining	Magn
Gólfflísar	m ²	1.820
Veggflísar inni	m ²	2100
Veggflísar	m ²	235

Tilboð voru opnuð þann 15. maí 2002. Eftirtalin tilboð bárust:

Bjóðandi	Fjárhæð kr.	Hlutfall
1a S.Helgason steinsm. ehf	8.243.458	58,1%
1b S.Helgason steinsm. ehf	9.234.778	65,0%

2a	Egill Árnason hf.	9.832.382	69,2%
2b	Egill Árnason hf.	10.871.871	76,6%
3a	Eurocraft Jóh. Skaftas.	\$ 734.522	
4a	Vídd ehf.	23.767.162	167,4%
4b	Vídd ehf.	20.766.132	146,2%
	Kostnaðaráætlun	14.200.000	100,0%

Þann 11. júní 2002 var tilboði S. Helgasonar steinsmiðju hf. tekið.

5. áfangi, hita- og hreinlætislagir

Verkið tók til hita- og hreinlætislagna. Útboðið var auglýst 30. júní 2002.


Helstu magnölur voru:

Verkþáttur	Eining	Magn
Handlaugar	stk	21
Vatnssalerni	stk	19
Ofnar	stk	124
Gólfhitalagnir	m	2.500
Lofstokkar	m	110

Tilboð voru opnuð þann 8. ágúst 2002. Eftirtalin tilboð bárust:

Bjóðandi	Fjárhæð kr.	Hlutfall
GH lagnir ehf.	12.241.070	85,3%
Pípulagnaverkt. ehf.	14.702.923	102,5%
Topplagnir ehf.	15.960.607	111,2%
Virkjun ehf.	17.056.280	118,9%
Verkþing ehf.	22.024.000	153,5%
Kostnaðaráætlun	14.349.689.	100,0%

Þann 30. ágúst 2002 var tilboði GH lagna ehf. að fjárhæð 12.241.070 kr. tekið.



Mynd 7: Frágangur við loft og glugga

6. áfangi, sandspörtlun

Verkið tók til sandspörtlunar steypra og múraðra flata. Útboðið var auglýst 14. júlí 2002.

Helstu magntölur voru eftirfarandi:

Verkþáttur	Eining	Magn
Sandspörtlun	m ²	8.473

Tilboð voru opnuð þann 21. ágúst 2002. Eftirtalin tilboð bárust:

Bjóðandi	Fjárhæð kr.	Hlutfall
Elvar Ingason ehf.	6.545.260	70,5%
Málar ehf.	6.990.710	75,3%
Ísmál ehf.	7.269.410	78,3%
Viðhald fasteigna ehf.	9.266.500	99,8%
G. Helgason ehf.	9.452.300	101,8%
HS málverk ehf.	11.255.205	121,1%
KM málun ehf.	11.707.525	126,1%
Múrkraftur ehf.	16.566.000	178,4%
Kostnaðaráætlun	9.285.000	100,0%

Þann 10. september 2002 var tilboði Elvars Ingasonar ehf. að upphæð kr. 6.545.260 tekið.

7. áfangi, klæðning lofta

Verkið tók til klæðningar lofta. Útboðið var auglýst 29. september 2002.

Helstu magntölur voru eftirfarandi:

Verkþáttur	Eining	Magn
Loft úr tréullarpl. á trégind	m ²	500
Loftakl. á stein m. tréullarpl.	m ²	2.800
Málun loftaklæðninga	m ²	3.300

Tilboð voru opnuð þann 13. nóvember 2002. Eftirtalin tilboð bárust:

Bjóðandi	Fjárhæð kr.	Hlutfall
Formás (frávíksboð*)	8.072.150	50,6%
Parfaping hf.	12.946.048	81,1%
Fagafl ehf.	12.958.155	81,2%
Eiríkur og Einar Valur hf.	13.100.000	82,1%
Stálsmiðjan ehf.	16.973.056	106,3%

Sigurður J. Jónsson	17.329.028	108,6%
Heggur ehf.	18.901.600	118,4%
G. Þorsteinss. bygg.fél.	19.788.650	124,0%
Gifsverk ehf.	20.409.550	127,8%
Sökkull ehf.	23.425.657	146,7%
Eyborg ehf.	24.229.527	151,8%
Múr og mál	25.402.707	159,1%
J. Jóhannes. Stólpar ehf.	26.138.110	163,7%
Suðurbær	27.591.731	172,8%
Flatey ehf. (ógilt)	0	0%
Kostnaðaráætlun		100,0%

* Frávíksboð Formás ehf. gerði ráð fyrir að efninu „SonaSpray“ yrði sprautað á loftin í stað þess að nota tréullarplötur eins og útboðsgögn gerðu ráð fyrir. Þar sem um 4,9 m.kr. munur var á því tilboði og tilboði Þarfapings ehf. var tilboðinu sýndur mikill áhugi. Gerðar voru nokkrar prufur með efninu og kannað hvernig viðgerðum á því væri háttað. Niðurstaðan varð sú að frávíksboð Formás uppfyllti ekki útboðsskilmála.

Tilboði Þarfapings hf. að fjárhæð 12.946.048 kr. var tekið þann 19. desember 2002.

8. áfangi, ásetning graníts

Verkið tók til ásetningar þess graníts sem aflað var með fjórða útboðinu. Útboðið var auglýst 29. september 2002.

Helstu magntölur voru:

Verkþáttur	Eining	Magn
Gólfflísar	m ²	1.820
Veggflísar	m ²	300

Tilboð voru opnuð þann 13. nóvember 2002. Eftirtalin tilboð bárust:

Bjódandi	Fjárhæð kr.	Hlutfall
Hansen verktakar ehf.	28.108.100	99,3%
Hleðslutækni ehf.	36.209.367	127,9%
G.A. Einarsson ehf.	42.353.663	149,6%
Múrlína ehf.	45.928.525	162,2%
Flatey ehf.	53.806.200	190,0%
Múr og steypuþjónustan	59.416.501	209,8%
ÖSJ verktakar ehf.	70.457.200	248,8%
Kostnaðaráætlun	28.314.800	100,0%

9. áfangi, lyfta

Verkið tók til kaupa og uppsetningar á 2 lyftum. Útboðið var auglýst 20. október 2002. Ríkiskaup sáu alfarið um þetta útboð, þ.m.t. yfirferð tilboða.


Tilboð voru opnuð þann 5. desember 2002. Eftirtalin tilboð bárust:

Bjódandi	Fjárhæð kr.
Íslandslyftur	6.777.000
Íslandslyftur – frávíksboð	5.909.600
Íselekt	9.720.000
Íselekt - frávíksboð	7.340.000
Héðinn/Schindler hf. frávíksboð	11.666.000

Kostnaðaráætlun var ekki gerð

Þann 10. desember 2002 var frávíkstilboði Íselekt ehf. að upphæð kr. 7.340.000 tekið.

Ríkiskaup buðu bjóðendum upp á rökstuðning fyrir höfnun þeirra tilboða. Tilboð Íslandslyftna var ógilt þar sem hurðar annarrar lyftunnar var mjórri en áskilið var í útboðsgögnum. Í útboðsgögnunum kom ennfremur fram að samið yrði við einn aðila um þessar tvær lyftur. Tilboð Héðins/Schindlers lyfta var einnig ógilt þar sem lyftur þeirra uppfylltu ekki kröfur um hraða.



Mynd 8: Stálhandrið

10. áfangi, handrið og önnur járnsmíði

Verkið tók til smíði og uppsetningar handriða, rista í gólf, stiga að kjallara o.fl. málmhluti innanhúss. Útboðið var auglýst 10. nóvember 2002.

Helstu magntölur voru eftirfarandi:

Verkþáttur	Eining	Magn
Handriðslistar á skífur	m	260
Handlistar við stiga	m	165
Handriðsgrindur með neti	m	37
Ristar í gólfum	m	89
Hringstigi	stk	1
Stigar í kjallara	stk	3

Tilboð voru opnuð þann 16. desember 2002. Kostnaðaráætlun var 8.083.680 kr. Eftirtalin tilboð bárust:

Bjóðandi	Fjárhæð kr.	Hlutfall
P. Einarsson ehf.	2.981.620	36,9%
Suðulist ehf.	7.809.383	96,6%
Vélsm. Konráðs Jónssonar	8.771.220	108,5%

Suða ehf.	9.456.601	117,0%
Hjá Jobba, ryðfri sérsníði	11.422.730	141,3%
Stálafli ehf.	13.091.175	162,0%
Stálprýði hf.	14.138.000	174,9%
Ísa-stál	14.226.339	176,0%
Hagverk ehf.	14.998.682	185,5%
Eldafli ehf.	16.733.444	207,0%
Klaki stálsníðja ehf.	17.272.786	213,7%
Kostnaðaráætlun	8.083.680	100,0%

Tvö lágstu tilboðin voru ógild þar sem bjóðendum láðist að fylla út magnskrá. Þann 9. janúar 2003 er tilboði Vélsníðju Konráðs Jónssonar ehf. að fjárhæð 8.771.220 kr. tekið.

11. áfangi, glerveggir við vinnuherbergi á suðurhlíð

Verkið tók til smíði og uppsetningar á glerveggjum. Óskað var eftir tilboðum í veggjum með heilum rúðum og tvískiptum rúðum. Útboðið var auglýst 5. janúar 2003.

Helstu magntölur voru eftirfarandi:

Verkþáttur	Eining	Magn
Veggeiningar	stk	74
Hurðir í veggeiningum	stk	74
Gler	m ²	511

Kostnaðaráætlun var 27.280.000 kr.

Tilboð voru opnuð þann 11. febrúar 2003. Eftirtalin tilboð bárust:

Bjóðandi	Fjárhæð kr.	Hlutfall
1.Vitrum ehf.	25.690.554	94,2%
2.a. Reynir Einarsson	28.248.000	103,6%
2.b. Reynir Einarsson	27.347.440	100,3%
2.c. Reynir Einarsson F	28.342.000	103,9%

3.a. Kantur ehf.	30.909.802	113,3%
3.b. Kantur ehf.	27.931.450	102,4%
3.c. Kantur ehf. hert gler	28.024.466	102,7%
3.d. Kantur ehf. hert gler	25.480.938	93,4%
4.a. M. Gott ehf. F	24.481.050	89,7%
4.b. M. Gott ehf. F	26.289.980	96,4%
4.c. M. Gott ehf. F	31.833.024	116,7%
5.a. Sökkull ehf. F	30.481.370	111, %
5.b. Sökkull ehf. F	34.756.946	127,4%
5.c. Sökkull ehf. F	36.769.820	134,8%
5.d. Sökkull ehf. F	37.839.712	138,7%
5.e. Sökkull ehf. F	39.489.764	144,8%
5.f. Sökkull ehf. F	41.430.192	151,9%
6.a. Vík ehf. trésmiðja	43.677.000	160,1%
6.b. Vík ehf. trésmiðja	40.162.000	147,2%
Kostnaðaráætlun	27.280.000	100,0%

F = Frávíksboð

Þann 3. mars 2003 var tilboði Kants ehf. að fjárhæð 25.480.938 kr. tekið.

12. áfangi, veggir við rannsóknarrými.

Verkið tók til smíði og uppsetningar á veggjum við rannsóknarrými. Útboðið var auglýst 5. janúar 2003.



Mynd 9: Bogadregnir glerveggir og skilrúm

Helstu magntölur voru:

Verkþáttur	Eining	Magn
Veggir m. krossviði og gipsi	m ²	1.530
Veggir með gleri	m ²	410
Hurðir	stk	80

Tilboð voru opnuð þann 25. febrúar 2003. Eftirtalin tilboð bárust.

Bjóðandi	Fjárhæð kr.	Hlutfall
Viðir ehf.	24.880.000	74,1%
Beyki ehf.	34.017.290	101,3%
Grunnur	35.451.348	105,3%
M. Gott ehf.	35.541.538	105,8%
Reynir Einarsson	35.808.708	106,6%
Þarfaping hf.	39.241.000	116,8%
Smíðsafl ehf.	41.014.203	122,1%
Sökkull ehf.	41.527.545	123,6%
Stálsmiðjan ehf.	57.107.000	170,0%
Kostnaðaráætlun	33.593.100	100,0%

Kostnaðaráætlun var 33.593.100 kr.

Þann 20. mars 2003 er tilboði Viða ehf. að upphæð kr. 24.880.000 tekið.

13. áfangi, raflagnir

Verkið tók til raflagna í húsið og var útboðið var auglýst 5. janúar 2003.

Helstu magnþölur voru:

Verkþáttur	Eining	Magn
Pípur	m	5.300
Strengstigar og bakkar	m	1.700
Veggrennur	m	1.000
Strengur	m	33.000
Lampar	stk	250

Kostnaðaráætlun var 141.410.000 kr.

Tilboð voru opnuð þann 28. janúar 2003. Eftirtalin tilboð bárust:

Bjóðandi	Fjárhæð kr.	Hlutfall
Rafkóp / Samvirki	100.060.030	70,8%
Fagtækni hf.	101.334.727	71,7%
Örgjafinn ehf.	102.382.681	72,4%
Rafmark ehf.	102.940.095	72,8%
Straumvirki ehf.	111.273.206	78,7%
Rafvirki ehf.	112.916.573	79,9%
Ljósvirki ehf. (frávikst. 2)	115.323.442	81,6%
SRS rafverktakar sf.	115.783.973	81,9%
Harald og Sigurður ehf.	115.939.706	82,0%
Ljósaberg ehf.	116.590.523	82,5%
Keflavíkurverktakar hf.	118.940.984	84,1%
Ljósvirki ehf. (frávikst. 1)	119.068.032	84,2%
Ljósvirki ehf.	120.422.486	85,2%
Rafboði ehf.	120.994.708	85,6%
Raffag ehf.	121.353.586	85,8%

Rafgull	122.876.619	86,9%
Rafmiðlun ehf.	124.352.408	87,9%
Raftaki ehf.	124.768.359	88,2%
Þarfaping hf.	126.417.026	89,4%
Rafsveinn ehf.	126.681.225	89,6%
Ljósvirki ehf. (frávikst. 3)	127.244.161	90,0%
Guðjón Guðmundsson	167.472.055	118,4%
Kostnaðaráætlun	141.410.000	100,0%

Þann 17. febrúar 2003 er tilboði Rafkóp/ Samvirki ehf. að upphæð 100.060.030 kr. tekið.

14. áfangi, vatnsúðakerfi

Verkið tók uppsetningar vatnsúðakerfis og var útboðið auglýst 5. janúar 2003. Helstu magnþölur voru:

Verkþáttur	Eining	Magn
Pípur, DN20-DN50	m	2.040
Pípur, DN65-DN100	m	500
Tengi, DN20-DN50	stk	1.270
Tengi, DN65-DN100	stk	270
Festingar, DN20-DN50	stk	660
Festingar, DN50-DN65	stk	170
Vatnsúðarar	stk	800

Kostnaðaráætlun var 17.525.900 kr.

Tilboð voru opnuð þann 28. janúar 2003. Eftirtalin tilboð bárust:

Bjóðandi	Fjárhæð kr.	Hlutfall
GH lagnir ehf.	10.513.227	60,0%
Snittvélin ehf.	10.554.498	60,2%
Alhliða pípulagnir ehf.	13.860.737	79,1%
Pípulagnaverktakar ehf.	13.767.026	78,6%

Aðalþípulagnir ehf.	13.894.775	79,3%
Borgarlagnir ehf.	15.600.620	89,0%
Keflavíkurverktakar ehf.	15.646.350	89,3%
Ómar og Pálmi ehf.	16.337.707	93,2%
Pípul. Benna Jóns ehf.	17.884.020	102,0%
Pípu­lag­ning­ame­istarinn	18.568.184	105,6%
Kostnaðaráætlun?	17.525.900	100,0%

Þann 31. janúar 2003 var tekið tilboði GH lagna ehf. að fjárhæð 10.513.227 kr.tekið.

15. áfangi, loftræsi,- kæli- og stýrikerfi

Verkið tók til loftræsi,- kæli- og stýrkerfa í húsið. Helstu magntölur voru eftirfarandi:


Verkþáttur	Eining	Magn
Loftræsikerfi, kennistærðir		
3 loftræsisamstæður	m³/klst	20.000
Þakblásarar	24 stk.	3.600
Þyngd kantaðra stokka	kg	4000
Lengd sívalra stokka	m	2000
Inn- og útsogsristar	stk.	670
Kælikerfi, kennistærðir		
Kæliblásarar 2,5kW	stk.	17
Stjórnlokar v. kæliblásara		
Varmaskiptar 50 kW	stk.	2
Varmaskiptar 75 kW	stk.	1
Forhitarar 25 kW	stk.	3
Stjórnlokar f. kælikerfi		
Hringsgrásardælur kælikerfis		
Stýrikerfi, kennistærðir		
Fjöldi punkta		um 560
Heildar strengjamagn		um 6500

Útboðið var auglýst 5. janúar 2003.

Tilboð voru opnuð þann 4. febrúar 2003. Eftirtalin tilboð bárust:

Bjódandi	Fjárhæð kr.	Hlutfall
Rennsli ehf.	Ógilt	
Ísloft ehf.	51.525.643	48,3%
Blikksmiði ehf.	53.371.575	50,0%
Funi ehf.	56.581.460	53,0%
Stjörnublikk ehf.	58.364.601	54,7%
Blikkás ehf.	65.065.769	61,0%
Keflavíkurverktakar ehf.	80.840.830	75,8%
Blikkrás ehf.	82.792.134	77,6%
Blikksmiðjan Vík ehf.	87.758.918	82,3%
Kostnaðaráætlun	106.698.711	100,0%


Þann 19. febrúar 2003 var tekið tilboði Ísloft ehf. að fjárhæð 51.525.643 kr.



Mynd 10: Innréttingar í rannsóknarstofu

16. áfangi, innréttingar í rannsóknastofur

Verkið tók til sérstakra innréttinga og tækjabúnaðar í húsið ásamt uppsetningu. Útboðið var auglýst 16. febrúar 2003.



Mynd 11: Miðrymi og stigar

Helstu magntölur voru eftirfarandi:

Verkpáttur	Eining	Magn
Borð af ýmsum stærðum	stk	540
Hillur af ýmsum stærðum	stk	209
Skápar, ýmar stærðir	stk	725
Gólfskápar	stk	89
Skápar með vaski	stk	78
Kæli- og frystiskápar	stk	27

Tilboð voru opnuð þann 17. mars 2003. Eftirtalin tilboð bárust:

Bjóðandi	Fjárhæð kr.	Hlutfall
A. Karlsson hf. tilboð 1	72.982.381	73,0%
Cetus ehf.	74.117.292	74,1%
Sökkull ehf./ Labflex	74.709.634	74,7%
Sökkull ehf./ Vinitex	77.226.639	77,2%
Austurbakki tilboð 1	80.658.896	80,7%
Gróco hf.	85.657.360	85,7%
Austurbakki tilboð 2	89.639.257	89,6%
A. Karlsson tilboð 2	94.619.927	94,6%
Waldner Laborein GmbH	*920.911	
Kostnaðaráætlun	75.000.000	100,0%



Mynd 12: Miðrymi

Kostnaðaráætlun var að heildartilboðsfjárhæð 75.000.000 kr., þar af áætlaðar innréttingar samtals 41.500.000 kr., vinna við uppsetningu innréttingar 8.000.000 kr., tækjabúnaður samtals 18.500.000 kr., uppsetning tækjabúnaðar kr. 7.000.000 kr.

Þann 15. apríl 2003 var tekið tilboði 1. frá A. Karlssyni hf. að fjárhæð 72.982.381 kr.

Heildartilboðsfjárhæð var 72.982.381 kr., þar af var tilboð í innréttingar 48.642.427 kr., tilboð í uppsetningu innréttingar kr. 5.493.481, tilboð í tækjabúnað 20.038.792 kr. og í uppsetningu tækjabúnaðar 224.100 kr.

17. áfangi, glerveggir við miðrymi og stigahús

